



Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa foreldra barna í grunnskólum Reykjavíkur

108. fundur skóla- og frístundaráðs, 9. nóv. 2016, [sjá fundargerð](#)

10. liður

Vegna fundarfyrirkomulags skóla- og frístundaráðs.

Áheyrnarfulltrúi foreldra í grunnskólum leggur fram fyrirspurn til skóla- og frístundaráðs í tengslum við fundarfyrirkomulag ráðsins. Er skóla- og frístundaráð reiðubúið til að breyta fundarfyrirkomulagi ráðsins með þeim hætti að fundarefnum ráðsins verði skipt niður, annars vegar í málefni leikskólans og hins vegar málefni grunnskóla- og frístundastarfs?

Þetta fyrirkomulag þekkist í öðrum sveitarfélögum þar sem skólanefndir hafa verið sameinaðar og reynist mjög vel. Til dæmis má nefna að á Seltjarnarnesi er fundað fyrst á morgnanna, til skiptis byrjað á málefnum leikskóla og grunnskóla, ýmist kl. 8 eða 9. Fundir ráðsins um 25 á ári, sem reiknast til ca. 5 vikna fjarveru.

Fæstir eiga vinnuveitendur sem sætta sig við svo mikið vinnutap árlega. Óheppileg tímasetning og ekki síst lengd fundanna hefur þær afleiðingar að fólk veigrar sér við að taka þetta mikilvæga verkefni að sér, óháð því hvort eða hversu mikið fulltrúar fá fyrir fundarsetu og undirbúning. Auk þess má nefna að tímasetning fundanna um miðjan daginn veldur því að þeir taka lungann úr vinnudegi eða skóladegi flestra.

Breytt fyrirkomulag og deildarskipting fundanna getur verið til mikillar hagræðingar fyrir alla þá lögbundnu áheyrnarfulltrúa sem fundina sitja, gert áhugasömum kleift að sinna þessum borgaralegu skyldum sínum.

Svar á 114. fundi, þann 22. febrúar ([sjá fundargerð](#), 10. liður).

Lagt fram svar sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 16. febrúar 2017, við fyrirspurn um fundartími og skipulag funda skóla- og frístundaráðs auk bréfs

sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 14. ágúst 2014, varðandi skipulag funda skóla- og frístundaráðs með tilliti til þátttöku áheyrnarfulltrúa foreldra.

Áheyrnarfulltrúi bókar við það svar: Bókun 22. febrúar 2017.

Áheyrnarfulltrúi foreldra barna í grunnskólum þakkar fyrir svar við fyrirspurn um fundarskipulag skóla- og frístundaráðs, deildarskiptingu fundarefna. Þetta er í annað sinn sem áheyrnarfulltrúi foreldra í grunnskólum leggur fram fyrirspurn sem þessa til ráðsins um endurskoðun fundartíma og fundarskipulags. Áheyrnarfulltrúi foreldra í grunnskólum skilur ávinning fyrir kjörna fulltrúa og starfsmenn sviðsins sem felst í því að að taka þátt í umræðu um mál óháð skólastigum í sameinuðu ráði leik- grunn- og frístundamála. Það er líka áhugavert fyrir lögbundna áheyrnarfulltrúa að geta tekið þátt í heildstæðri umræðu um skólamál. Skóla- og frístundaráð er stærsta ráðið innan borgarkerfisins, en það hefur jafnframt þá mikilvægu sérstöðu að hafa mikinn fjölda lögbundinna áheyrnarfulltrúa, alls 8 manns, síðan bætast við embættismenn og starfsmenn sviðsins frá ýmsum fagskrifstofum. Ljóst er að aðstæður og aðkoma áheyrnarfulltrúa er önnur á þessum fundum, þeir eru t.a.m. í annarri vinnu og fundir ráðsins taka lungan úr vinnudegi flestra, sem getur verið hindrun fyrir þátttöku. Áheyrnarfulltrúi leggur áherslu á mikilvægi þess að endurskoða fundartíma ráðsins reglulega og hann taki mið að ólíkri aðkomu þátttakenda.